

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 10. nóvember 2023 skilmálabreytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga. Breytingin felst í því að nýtingarhlutfall verður 0,5 fyrir húsnæði á einni hæð og 0,6 fyrir húsnæði á tveimur hæðum. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga vegna Álfhelli 1A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 30. nóvember 2023 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna nýrrar lóðar sem fær heitið Álfhella 1A. Breytingin felst í því að gert verður ráð fyrir lóð fyrir dæluhús vatnsveitu. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulags-skilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 12. janúar 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 26. janúar 2024